



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Félags- og fræðsluvið

Reglur um sérkennsluþjónustu í leikskólum Árborgar

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu er starfsmaður Fræðslu og menningasviðs, leikskóladeildar. Næsti yfirmaður leikskólaráðgjafa v/sérkennslu er leikskólafulltrúi.

Markmið: Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, 15. gr segir: “Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.”

Sérkennsla í leikskólum á að tryggja að börn með þroskaraskanir og aðrar sérþarfir fái notið leikskóladeildar sinnar. Leikskólasérkennarar sjá um framkvæmd kennslunnar.

Hlutverk: Sérkennsluþjónustunni er ætlað að veita starfsmönnum leikskóla ráðgjöf, vegna náms og leiks barna og skapa aðstöðu til að þau geti þroskast sem best í leikskóla. Einnig að veita foreldrum ráðgjöf eftir því sem við á. Sumum börnum þarf að vísa annað til frekari greiningar eða meðferðar.

Þjónusta: Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu veitir starfsfólki leikskólanna ráðgjöf varðandi sérkennslubörn, eftir að beiðni hefur borist, undirrituð af foreldri og leikskólastjóra. Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu hlutast til um greiningu og fylgir henni eftir og er í nánú samstarfi við foreldra og leikskóla, og starfar í samvinnu við sérfræðinga Skólaskrifstofu Suðurlands, Heilsugæslu Selfoss og Svæðisskrifstofu Suðurlands og aðra greiningaaðila.

Leikskólasérkennari /umsjón með sérkennslu ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar, ásamt leikskólaskólastjóra.

Einnig hefur hann náð samstarf við foreldra og leikskólaráðgjafa vegna sérkennslu.

Viðurkenndir greiningaraðilar eru:

Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala
barnalæknir

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

iðjuþjálfari,

Miðstöð heilsuverndar barna,

sjúkraþjálfari,

sálfræðingur,

Sjónstöð Íslands

talmeinafræðingur,

og/eða aðrir sem hafa löggildingu til þess.

Úthlutun sérkennslustunda:

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu í samráði við leikskólafulltrúa úthlutar stundum í sérkennslu, fyrir hvert skólaár í samræmi við starfsreglur. Leikskólaráðgjafi í samráði við leikskólastjóra endurmetur þörfina, á þegar úthlutuðum stundum.

Þar sem leikskólasérkennari með umsjón starfar falla að jafnaði niður tímar vegna barna í 3 flokki, er það metið í hverju tilfalli. Heimilt er að meta barngildi viðkomandi barns sem þarf sérkennslu, allt að helmingi hærra en aldur þess segir til um, í stað þess að ráða starfsmann til sérkennslu.

Í sérstökum tilvikum, þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns, getur sérkennsluráðgjafi í samráði við leikskólafulltrúa úthlutað barni fleiri sérkennslustundum en flokkunarröð segir til um.

Upplýsingar og meðferð gagna: Gögn um sérkennslubörn eru meðhöndluð sem trúnaðarmál og ber að varðveita í læstum hirslum.

Með flutning á milli skólastiga og/eða sveitarfélaga þarf skriflegt leyfi foreldra fyrir afhendingu gagna. Það sama á við um aðra samstarfsaðila.

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu, í samráði við leikskólafulltrúa, úthlutar sérkennslutímum á grundvelli greiningar á þroskahömlun barns.

Unnið með hliðsjón af lögum um leikskóla Nr. 78/1994, lögum um málefni fatlaðra nr.59/1992, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og starfslýsingum Félags leikskólakennara og launanevndar sveitafélaga.

Samþykkt á fundi í Bæjarráði 10. janúar 2002